

Deildarmót Austurlandsdeildar Ytra-Lóni

Deildarmót Austurlandsdeildar SFÍ var haldið að Ytra-Lóni á Langanesi sunnudaginn 4. nóvember 2018. Brautin á Ytra-Lóni liggur niður við sjó sem gerir mótsvæðið svolítið sérstakt og feikna fallegt. Sjávarlyktin fyllir vitin og öldurnar syngja og dansa í fjörunni. Svolítil snjódula lá yfir svæðinu en ekkert sem þáttakendur létu stoppa sig þó hún hafi mögulega tafið aðeins fyrir kindunum á köflum. Alls tóku ellefu hundar þátt og Gunnar Einarsson frá Daðastöðum sá um dómgæslu.

Á Ytra-Lóni var boðið upp á dýrindis veitingar. Súpa fyrir keppni og hlaðborð með alls kyns gómsætu kaffibrauði eftir mót.



Eins og alltaf þá verða svona mót ekki til að sjálfu sér. Það þarf undibúning, aðstöðu og kindur, aðstoðarfólk til að sjá um sleppingar, dómara og svo auðvitað keppendur. Svona mót eru kærkominn vettvangur fyrir okkur sem höfum áhuga á að áfram séu góðir smalahundar ræktaðir á Íslandi til að koma saman. Bæði til að sjá hvaða hundar eru til á landinu og hvernig þeir vinna, en ekki síður til að sjá hvert annað.

Við sem vorum þarna komin saman ræddum að gaman væri að reyna að hittast aftur í vetur við eitthvað annað tilefni.

Austurlandsdeildin þakkar öllum sem að mótinu komu kærlega fyrir sitt framlag. Þess má geta að þetta er fyrsta mótið í mótaröð Austurlandsdeildarinnar, en annað mót er fyrirhugað á Eyjarlandi um næstu helgi ;)

ÚRSLIT VORU EFTIRFARANDI:

A-FLOKKUR (110 stiga keppni)



1. Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum - 86 stig (M: Skotta frá Daðastöðum - F: Dan frá Skotlandi)
2. Elísabet Gunnarsdóttir og Kolor frá Húsatóftum - 84 stig (M: Kría frá Daðastöðum - F: Brúsi frá Brautartungu)
3. Maríus Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilstöðum - 81 stig (M: Sara frá Sigtúnum - F: Snati frá Mósakógum)
4. Maríu Snær Halldórsson og Sara frá Sigtúnum - 67 stig (M: Míla frá Bjarnastöðum - F: Dan frá Skotlandi)
5. Þorvarður Ingimarsson og Spaði frá Eyrarlandi - 64 stig/Féll á tíma (M: Lísá frá Hafnarfirði - F: Prins frá Daðastöðum)
6. Helgi Árnason og Skoppa frá Sauðanesi - 55 stig (M: Skutla frá Eyrarlandi - F: Prins frá Daðastöðum)
7. Einar Atli Helgason og Strumpur frá Snartarstöðum - 36 stig/Féll á tíma (M: Rós frá Daðastöðum - F: Guttí frá Snartarstöðum)
8. Sverrir Möller og Guttí frá Hafnarfirði - 0 stig/Ógilt (M: Ólína frá Hafnarfirði - F: Taff frá Wales)

UNGHUNDAFLOKKUR (100 stiga keppni)



1. Sverrir Möller og Kári frá Auðólfstöðum - 74 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)
2. Sverrir Möller og Garri frá Auðólfstöðum - 64 stig (M: Týra frá Hafnarfirði - F: Grímur frá Daðastöðum)
3. Einar Atli Helgason og Kría frá Snartarstöðum - 34 stig/Hætti keppni (M: Skoppa frá Sauðanesi - F: Strumpur frá Snartarstöðum)

MYNDAALBÚM: <http://smalahundur.123.is/photoalbums/288729/>